Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Meðlagsúrskurðir 1891-1907

Aðfnr. 3368, örk 6

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu riddari af dannebrogsorðunni** og dbr.maður

**Kunngjörir:** að með því Tómas Sigurðsson á Reynivöllum Kjósar hrepp innan Gullbr. og Kjósar sýslu, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Kristjóns Ólafs Sigurðssonar, sem er óskilgetin dóttir Margrjetar H. E. Oddsdóttur í Hallsbæ og fædd 11. desbr. 1891 úrskurðast hérmeð, að nefndur Tómas Sigurðsson greiði með þessu barni frá 14. maí þ. á. og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 40 (fjörutíu) krónur árlega, sem skulu goldnar 11. desbr. ár hvert ~~ár hvert með kr. fyrir það missiri, sem liðið er~~ og í fyrsta skipti 11. desbr. 1895 fyrir tímabilið frá 14. maí til 11. desbr. hlutfallslega.

~~Af barnsfarar kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Tómasi Sigurðssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820. Með þessum úrskurði er numinn úr gildi meðlagsúrskurður amtsins 28. júní 1894 frá 14. maí þ. á. að telja.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 8. ágúst 1895.

J. Havsteen.

Ad Bfgn. 432/95

Keyj. 158/1901.

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1895 mánudaginn hinn 16. september höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Kjósarhreppi birt framanskráðan amtsúrskurð fyrir vinnumanni Tómasi Sigurðssyni og húsbónda hans sjera Þorkeli Bjarnasyni á heimili þeirra Reynivöllum. Þetta vottum við með skyrskotun til stefnuvottaeiðs okkar og staðfestum með nöfnum okkar.

Eyrar-Uppkoti og Bæ 16. septemb. 1895

Jón Guðmundsson Ólafur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu**
**riddari af dannebrogsorðunni** og dbrmaður

**Kunngjörir:** að með því Tómas Sigurðsson á Reynivöllum Kjósar- hrepp innan Gullbr. og Kjósar sýslu, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Hjartar Edvards, sem er óskilgetinn sonur Margrjetar Helgu Engilráðar Oddsdóttur í Hallsbæ og fæddur 12. nóv. 1893 úrskurðast hérmeð, að nefndur Tómas Sigurðsson greiði með þessu barni frá 14. maí þ. á. og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 40 ( fjörutíu ) krónur árlega, sem skulu goldnar 12. nóvbr. mán. ár ~~hvert með kr. fyrir það missiri, sem liðið er.~~ í fyrsta skipti 12. nóvbr. 1895 fyrir tímabilið frá 14. maí til 12. nóvbr., tiltölulega.
~~Af barnsfarar kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Tómasi Sigurðssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820. Með þessum úrskurði er numinn úr gildi meðlagsúrskurður amtsins dags. 28. júní 1894 frá 14. maí þ. á. að telja.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 8. ágúst 1895.

J. Havsteen.

Ad Bfjr. 432/95

Reg. 158/1901.

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1895 mánudaginn hinn 16. september höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Kjósarhreppi birt framanskráðan amtsúrskurð fyrir vinnumanni Tómasi Sigurðssyni og húsbónda hans sjera Þorkeli Bjarnasyni á heimili þeirra Reynivöllum. Þetta vottum við með skírskotun til stefnuvottaeiðs okkar og staðfestum með nöfnum okkar. –

Eyrar-Uppkoti og Bæ 16. septbr. 1895

Jón Guðmundsson Ólafur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu, riddari af dannebrogsorðunni** og dbrmaður

**Kunngjörir:** að með því Jónas Rósinkranzson á Arnarnesi í Eyra- hrepp innan Ísafjarðar sýslu, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Egils Jóns Pálssonar, sem er óskilgetinn sonur Sigurlínar Vigfúsdóttur í Reykjavík og fæddur 27. febr. 1890 úrskurðast hérmeð, að nefndur Jónas Rósinkranzsón greiði með þessu barni frá 27. ágúst 1896 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 60 ( Sextíu ) krónur árlega, sem skulu goldnar 27. ágústmán. ár hvert ~~með kr.~~ fyrir það ár ~~missiri,~~ sem liðið er, og í síðasta skipti 27. febr. 1906 með 30 kr. fyrir missirið frá 27. ágúst 1905 til 27. febr. 1906.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Jónasi Rósinkranzsyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 22. desbr. 1896.

J. Havsteen.

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Páll Briem

**amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu**

**Kunngjörir:** að með því að *Villhjálmur Halldórsson á Finnmörk í Fremri Torfastaða*hrepp innan *Húnavatns*sýslu, eftir því sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins *Halldórs Kristinns*, sem er óskilgetin*n sonur Guðfinnu Sigríðar Pálsdóttur* og fædd*ur 12. jún 1885* úrskurðast hérmeð, að nefndur *Villhjálmur Halldórsson* greiði með þessu barni frá *8. marz 1896* og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri *36* ( *þrjátíu og sex* ) krónur árlega, sem skulu goldnar —— *"* —— ~~og~~ *8. marz* ár hvert með *36* kr. fyrir það ~~missiri,~~ *ár* sem liðið er.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum *Villhjálmi Halldórssyni* ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri, *19. júní 1898.*

*Páll Briem*

*A. D. III. Nr. 625*
*2/4 – 1900*

*Hvs: J. B. 1898 nr. 17[illegible]*

*A. D. III. Nr. 625*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898. hinn 16. Marz höfum við undirritaðir eiðsvarnir Stefnuvottar í Staðarbakka sókn birt framanritaðadan úrskurð. fyrir bóndanum Vilhjálmi Halldórssyni á Finnmörk þettað vottum við í krafti áðar unnins Stefnuvotta eiðs með undirituðum eiginhandar nöfnum okkar

Sigfús B. Guðmundsson

Sigfús B. Guðmundsson

nýes löglega birt Vilhjálmur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn
### yfir
## Suður- og Vesturömtunum

KUNNGJÖRIR: að með því Skóari Benidikt Benidiktsson í Reykjavík eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Salveigar, sem er óskilgetin dóttir Guðríðar Þórðardóttur Sönnuleikss- í Reykjavík og fædd 2. ágúst 1893 úrskurðast hjer með, að nefndur Benidikt Benidiktsson greiði með barni þessu frá 2. ágúst 1897 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 36 (þrjátíu og sex) krónur árlega, sem skulu goldnar 2. ágúst ár hvert og í fyrsta skipti 2. ágúst næstkomandi.

~~Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og~~ ( )

~~krónur~~ ~~aur., eigi síðar en~~ ~~næstkomandi~~.

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun tjesekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalar- eða framfærslusveit föðurins um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum og fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum

Benedikt Benediktssyni ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtanna, Reykjavík* 22. júlí 1899.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Eptirrit.*

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir *Suður-* og *Vesturamtinu* riddari af dannebrogsorðunni,** *og dbr.maður*

**Kunngjörir:** að með því *Guðjón Jónsson í Bolungarvík í Hóls-* hrepp innan *Ísafjarðar-* sýslu, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins *Lilju*, sem er óskilgetin *dóttir Sigríðar Einarsdóttur* og fædd *11. desbr. 1892* úrskurðast hérmeð, að nefndur *Guðjón Jónsson* greiði með þessu barni frá *11. júní 1895* og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri *36 (þrjátíu og sex)* krónur árlega, sem skulu goldnar *11. júní* ár hvert ~~með kr. fyrir það missiri, sem liðið er.~~ *eptir á, í fyrsta skipti 11. júní 1896, og í síðasta skipti 11. desbr. 1908 fyrir missirið frá 11. júní 1908 til 11. des. 1908 18 kr.* ~~Af barnsfarar kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum *Guðjóni Jónssyni* ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu *Suður-* og *Vesturamtsins*, *Reykjavík 12. febr* 189*7*.

*J. Havsteen*

*L. S.*

*Rjett eptirrit staðfestir*

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 5. maí 1899.*

*J. Havsteen.*

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Meðlagsgreiðandi | Meðlagsþiggjandi | Úrsk-urð. dags. | Upph. meðlags Kr. | Gjald-dagi |
|---|---|---|---|---|
| Guðm. Þorsteinsson | Anna Guðmundsd. fædd. 15/11 1893 | 26/11 94 | 35.00 | 15/11 |
| Jónas Kasimirsson | Egill Jón Jónasson f. 27/2 90 | 22/12 96 | 60.00 | 27/8 |
| Víglundur Þorgrímsson | Víglundína Víglundsd. f. 3/12 1894 | 5/8 95 | 50.00 | 3/6 og 3/12 |
| Jón Benediktsson | Málfríður Jónsd. f. 25/6 96 | 27/4 97 | 60.00 | 25/6 25/12 |
| Jóh. L. L. Jóhannesson | Steinunn Jakobsd. | 6/10 96 | 200.00 | 1/4 á [illegible] |
| Ólafur Jónsson | Jón Alexander | 1/11 96 | 36 | 1/11 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr

lögregluþingbók Reykjavíkur

---

Ár 1897, þ. 20. október var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum B. Björnssyni og Þ. Gunnarssyni. Þá var tekið fyrir

Barnfaðernismálið Jóhönnu Guðmundsdóttur

gegn

Grími Guðnasyni

Kærandi og kærði voru báðir persónulega viðstödd. Lagt var fram No 1 stefna í málinu, nr. 2 brjef amtmannsins yfir Suðuramtinu til dómarans dags. 18. þ.m. nr. 3 brjef kæranda til Suðuramtsins dags. 16. þ.m., nr. 4 og 5 brjef frá kærða til sóknarprestsins í Garðaprestakalli á Akranesi. + +

Kærandi kannaðist við að brjef það til amtsins sem fram hefur verið lagt, sje frá sjer, og að hún lýsi í rjettinum yfir ítrekaðri faðernislýsingu sinni á hendur Grími Guðnasyni, með því að enginn annar en hann geti verið faðir barns síns Jóns Hannesar, sem fæddist 28. ág. þ.á. Samfarir þeirra hafi átt sjer stað í desembermánuði f.á. tvisvar, í jólaföstubyrjun og snemma á jólaföstu. Framburð sinn og faðernislýsingu

SAD. I. No 484

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tjáist hún reiðubúin að staðfesta með eiði. Kærði heldur því fram að hann hafi eigi haft holdlegt samræði við kæranda fyr en 28. des. f.á. þó vill hann ekki synja fyrir faðerni barnsins með eiði, en láta kæranda eptir, ef hún treysti sjer til þess, að sverja, að enginn annar en hann geti verið faðir barnsins. – Varð það þannig að sátt meðal málspartanna, að kærandi staðfesti með eiði faðernislýsingu sína á hendur kærða. –

Kærandi vann síðan eptir löglegan undirbúning eið að því, að kærði Grímur Guðnason væri jafnsannur faðir barnsins Jóns Hannesar, sem hún ól 28. ágúst f.á., eins og hún væri sönn móðir þess. –

Kærði óskar að meðlag það, er honum beri að greiða með nefndu barni, verði ákveðið með amtsúrskurði; biður hann þess jafnframt getið, að hann sje með öllu öreigi, kominn á sjötugs aldur og kona hans á áttræðis aldur; á fyrri og eins nú á ár hvorutt hann hafi verið mjög heilsulítill, og hann sjái því ekki, að hann geti lagt neitt verulegt af mörkum með barninu

Kærandi fellst einnig á það, að beiðast amtsúrskurðar um upphæð meðlagsins. – Uppl. staðf.

Rjetti slitið

Halldór Daníelsson

Þorsteinn Gunnarsson
Þ. Bjarnason

Jóhanna Guðbrandsdóttir (handsalað)
Grímur Guðnason

Rjettr. útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

Samkvæmt framanrituðu úrskurðast hjermeð, að Grímur Guðnason í Reykjavík (nú Vesturgötu No 50) skuli greiða árlega með fyrnefndu óskilgetnu barni Jóhönnu Guðmundsdóttur á Birnhöfða á Akranesi, Jóni Hannesi að nafni, sem fæddist 28. ágúst f. á., frá nefndum degi að telja og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri. 36 (þrjátíu og sex) krónum árlega, sem skulu goldnar 28. febr. og 28. ágúst ár hvert með 18 kr. fyrir það misserið, sem sem liðið er og í fyrsta skipti 28. febr. næst-komandi.

Hinar áföllnu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. okt. 1763 og lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla, þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóv. 1887 um aðför. Ef faðirinn greiðir eigi áfallna fúlgu góðfúslega, þá fer um greiðslu fúlgunnar eptir því, sem fyrir er mælt í lögum 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Grími Guðnasyni á Kapp-is, sbr. opið brjef 28. maí 1825, og kansellibrjef 27. okt. 1821; og svo framarlega sem hann skyldi verða hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. des. 1820.

Suðuramtið, Reykjavík, 27. okt. 1897.

J. Havsteen.

Ár 1898 mánudaginn hinn 7 martsm. höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðann amtsúrskurð Grími Guðnasyni persónulega á heimili hans hjer í bænum.
Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottareiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Björnsson   Þorsteinn Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður Amtmaður yfir Suður- og Vesturömtunum

Gjöri kunnugt: að jeg eptir beiðni konunnar Oddnýjar Einarsdóttur í Reykjavík hef ákveðið, eins og jeg hjermeð ákveð, að maður hennar, steinsmiður Ásgrímur Gíslason samastaðar, sem hefir yfirgefið nefnda konu sína og börn þeirra, og hliðrað sjer hjá, að veita þeim tilhlýðilegt uppeldi, heldur tekið saman við annan kvennmann og gjörst sekur í hórdómsbroti, skuli greiða árlega frá 1. septbr. m. þ. á. að telja 160 (eitt hundrað og sextíu) krónur nefndri konu sinni og 2 börnum þeirra til framfærslu. Meðlagið, sem má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. opið brjef 5. júlí 1796, Kgsbrjef 11. maí 1798, og 18. gr. laga 4. nóv. 1887, um aðför, greiðist fyrir hvern ársfjórðung, sem liðinn er, með 40 kr., sem sje 1. des. 1. marz, 1. júní og 1. sept. ár hvert, og í fyrsta skipti 1. des. þ. á.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættis innsigli.

Suðuramtið, Reykjavík 5. nóv. 1897.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897 fimtudaginn hinn 11 nóvemberm. höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðann amtsúrskurð Ásgrími Gíslasyni persónulega hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1 kr
B. Bl.

J. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur